



MINNISBLAÐ

Til: Vatnajökulspjóðgarðs
Frá: LEX lögmansstofu
Dags: 19. júní 2019
Efni: Tilmæli ráðherra vegna stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs

I. Inngangur

Minnisblað þetta er tekið saman í tilefni af beiðni Vatnajökulspjóðgarðs vegna álitamála um hvernig þjóðgarðsyfirvöldum er rétt að bregðast við ábendingum umhverfis- og auðlindaráðherra um skoðun á tilteknum atriðum er varða umferð um og vernd Vonarskarðs með hliðsjón af samræmingu hagsmuna sem tengjast útivist og náttúruvernd. Nánar tiltekið er óskað eftir leiðbeiningum um eftirfarandi:

1. Hvernig getur stjórn Vatnajökulspjóðgarðs unnið í samræmi við bókun frá 8. apríl 2019 þannig að rétt sé að málum staðið?
2. Hvaða atriði varðandi málsmeðferð er mikilvægt að uppfylla til að svara tilmælum ráðherra á fullnægjandi hátt?

Í þessu minnisblaði verður leitast við að svara fyrirspurnum formanns stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs og veita leiðbeiningar um framhaldið. Áður en það er gert er nauðsynlegt að rekja stuttlega forsögu málsins.

II. Forsaga

Í 12. gr. laga nr. 60/2007 um Vatnajökulspjóðgarð er kveðið á um gerð stjórnunar- verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn, en þar segir meðal annars að í verndaráætlun skuli gerð grein fyrir markmiðum verndar á einstökum svæðum innan Vatnajökulspjóðgarðs, einstökum verndaraðgerðum, landnýtingu og mannvirkjagerð, vegum, reiðstígum, göngubrúum og helstu gönguleiðum, umferðarrétti almennings, aðgengi ferðamanna að svæðinu og veiðum. Þá er heimilt að setja í verndaráætlun þjóðgarðsins skilyrði um tilhögun framkvæmda og um eftirlit með þeim sem hafi það að markmiði að koma í veg fyrir óþarfa röskun lífríkis, jarðmyndana, vatnafars, landslags eða menningarminja innan Vatnajökulspjóðgarðs.

Sveitarstjórnir eru bundnar af efni stjórnunar- og verndaráætlunarinnar hvað snertir gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan Vatnajökulspjóðgarðs, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr.

60/2007, og allir þeir sem leggja leið sína um þjóðgarðinn eða dvelja þar, eftir atvikum, eru bundnir af áætluninni sbr. 13. gr. laga nr. 60/2007.

Haustið 2010 var fyrsta stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs lögð fram og að lokum samþykkt í febrúar 2011. Fljótlega eftir staðfestingu hennar hóf stjórn þjóðgarðsins að vinna að tilteknum breytingartillögum sem síðar voru sendar umhverfis- og auðlindaráðherra til staðfestingar í júní 2013.

Eftir yfirferð breytingartillagnanna var það niðurstaða ráðherra að skilyrðum laga og reglna hafi verið fylgt við gerð breytinga á áætluninni og ekki væru forsendur til að synja áætluninni staðfestingar, sbr. bréf ráðherra dags. 12. júlí 2013. Í bréfinu leggur ráðherra hins vegar áherslu á mikilvægi þess að reyna að ná sem víðtækastri sátt í samfélaginu varðandi framkvæmd meginmarkmiða Vatnajökulsþjóðgarðs um náttúruvernd, útivist og byggðaþróun. Af þessum sökum beinir ráðherra þeim tilmælum til stjórnar þjóðgarðsins að ráðast í frekari skoðun á ákveðnum atriðum, í samráði við helstu hagsmuna og umsagnaraðila um málefni Vonarskarðs, samhliða því að staðfesta áætlunina. Nánar tiltekið er um að ræða fjögur atriði er varða málefni útivistar og náttúruverndar í Vonarskarð sem ráðherra taldi kalla á frekari umfjöllun og ítarlegri yfirferð:

1. „Ákveðnir hlutar Vonarskarðssvæðisins eru viðkvæmari en aðrir, ekki síst jarðhitasvæðin og gróðurlendin. Í stjórnunar- og verndaráætluninni eru þau ákvæði að göngufólki er heimil för alltaf, hestafólki heimil för skv. leyfi þjóðgarðsvarðar, ferðafólki á reiðhjólum er ekki leyfð för og ferðafólki á vélknúnum ökutækum heimil för að vetrarlagi og á frosinni jörð. Vetrarakstur er þó ávallt óheimill á og við jarðhitasvæði í Snapadal. Mikilvægt er að samræmis sé gætt við skipulagningu þessara mismunandi þátta útivistar almennings og náttúruverndar á svæðinu.“
2. „Stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins gerir ráð fyrir þeirri breytingu að opnað verði aðgengi að Vonarskarði fyrir hestaumferð. Það er jákvætt að stjórn þjóðgarðsins telur fært að auka og bæta aðgengi útivistarfólks að náttúru garðsins, en að sama skapi mikilvægt að sú umferð valdi ekki ágangi á viðkvæman gróður og háhitasvæði. Því er mikilvægt að þessu ákvæði verði fylgt eftir með greinagóðum leiðbeiningum um það hvar sú umferð geti farið um svæðið, án þess að valda spjöllum á viðkvæmum gróðri og hverasvæðum.“
3. „Jafnframt eru enn skiptar skoðanir um vélknúna umferð um Vonarskarð og þá tillögu stjórnarinnar að banna hana utan vetrartíma. Uppi eru sjónarmið um að enga slíka umferð eigi að leyfa og svo þau sjónarmið að takmakaða slíka umferð skuli leyfa um markaða leið, ekki síst hvort hana mætti leyfa að haustlagi/aðdraganda vetrar þegar umferð göngufólks er lokið með ákvörðun um dagsetningu eða viðmiðunartíma að hausti.“
4. „Einnig hafa verið sett fram sjónarmið um að nauðsynlegt sé að skoða betur hvort einstakir hlutar Vonarskarðs, ekki síst hverasvæðin og gróðurlendin, skuli falla í annan og strangari verndarflokk til að styrkja frekar stjórnun og samræmingu útivistar almennings, aðgengi og náttúruverndar á svæðinu.“

Til að bregðast við ábendingum ráðuneytisins hefur stjórn þjóðgarðsins og svæðisráð Vestursvæðis verið með málefni Vonarskarðs til umfjöllunar og athugunar allar götur síðan í júní 2013, sbr. samantekt sem undirrituðum var látið í té við vinnslu þessa minnisblaðs.¹ Meðal

¹ „Málefni Vonarskarðs undanfarin misseri – tímalína“

annars hefur verið farið í vettvangsferðir í Vonarskarð ásamt fulltrúum ýmissa hagsmunaaðila, svo sem Samtaka útivistarfélaganna (SAMÚT), Ferðafrelsisnefndar Eyjafjarðardeildar, ferðaklúbbsins 4x4 og Landssamtaka hjólreiðamanna. Þá hafa ýmsir aðilar komið á bændingum á framfæri sem fjallað hefur verið um á fundum þjóðgarðsyfirvalda.

Nú síðast var þann 8. apríl 2019 skipaður starfshópur til að koma málinu í farveg sem átti að leiða til niðurstöðu í málinu, sbr. eftirfarandi bókun á 129. fundi stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs þann 8. apríl 2019:

„10. Vonarskarð - 1709013

Fyrir fundinum lá niðurstaða vestursvæðis vegna Vonarskarðs. Sjá fylgiskjöl Fyrir liggur að svæðisráð Vestursvæðis þjóðgarðsins hefur það lögbundna hlutverk að hafa yfirumsjón með gerð tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun við Vonarskarð. Afstaða svæðisráðs hefur legið fyrir og kemur fram í fundargerðum. Umfjöllun um Vonarskarð á vettvangi stjórnar og svæðisráðs Vestursvæðis hefur eðli máls samkvæmt byggst á fyrirliggjandi gögnum á hverjum tíma, ekki síst með vísan til skýrslu rannsóknateymis frá árinu 2013. Stjórn bendir á að fyrir fund stjórnar núna hafa komið fram áherslur, hugmyndir og gögn, sem ekki hafa öll komið áður til umfjöllunar hjá stjórn og/eða í svæðisráði, m.a. tillögur um aðrar útfærslur á leiðum um Vonarskarð. Stjórn lítur svo á að mikilvægt sé að leita sátta allra aðila í málinu og felur formanni svæðisráðs í samráði við framkvæmdaráð þjóðgarðsins að leggja fram lausnamiðaða áætlun fyrir næsta stjórnarfund sem haldinn verður á vestursvæði þjóðgarðsins.“

Rétt er að geta þess að samkvæmt fyrirsvarsmönnum Vatnajökulsþjóðgarðs er með tilvísun í tilvitnaðri bókun til áherslna, hugmynda og gagna, þ.m.t. tillögur um aðrar útfærslur á leiðum um Vonarskarð „sem ekki hafa öll komið áður til umfjöllun“, átt við samantektir, eldri skjöl og athugasemdir hagsmunaaðila sem núverandi stjórnarmenn höfðu ekki allir haft tækifæri til að kynna sér. Með öðrum orðum er ekki um að ræða nýjar upplýsingar sem hafa ekki komið til skoðunar hjá þjóðgarðsyfirvöldum, öðrum en tilteknum stjórnarmönnum.

Fram kemur í gögnum málsins að eftir að hafa leitað skýringa hjá umhverfisráðuneytinu hafi starfshópurinn, sem skipaður er framkvæmdaráði og formanni svæðisráðs vestursvæðis, litið svo á að tilmæli ráðherra til stjórnar þýði ekki að verið sé að leggja þær skyldur á stjórn að fara í viðamikil rannsókn- eða samráðsferli, enda hafi slíkt ferli verið í gangi um tíma í aðdraganda endurskoðunar stjórnunar- og verndaráætlunar sem staðfest var um leið og tilmæli voru gerð 2013. Því sé litið svo á að tilmæli þýði að þessi tilteknu álitamál sem ábendingar ráðherra lúta að verði teknar til skoðunar aftur á grundvelli fyrirliggjandi gagna og að fyrri ákvörðun verði annað hvort staðfest eða endurskoðuð að loknu slíku mati. Fram kemur enn fremur að eftir skoðun á gögnum málsins sé niðurstaða starfshópsins sú að „millileið“ sem myndi sætta ólík sjónarmið varðandi Vonarskarð sé vandfundin því sjónarmið séu afdráttarlaust á báða bóga. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirsvarsmönnum þjóðgarðsins hefur annars vegar verið til skoðunar að opna ökuleið, og hafa ólíkir kostir verið til umræðu í því samhengi, en hins vegar að Vonarskarð sem heild eigi að vera lokað fyrir vélknúinni umferð að sumri til og að „gildi svæðisins felist í heildinni, kyrrðinni og fleiri huglægum verðmætum en ekki eingöngu þeim náttúrufarslegum verðmætum sem hafa verið kortlögð þar.“

III. Viðbrögð við ábendingum ráðherra

III.I Stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra

Lög um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 einskorða vald ráðherra til að breyta tillögu stjórnar þjóðgarðsins við þau tilvik þar sem talið er að hún brjóti í bága við lög eða reglugerð um þjóðgarðinn eða gegn verndarmarkmiðum þjóðgarðsins.

Það athugast þó að ráðherra býr yfir ákveðnum stjórnunarheimildum sem leiða af því stjórnarsýslusambandi ráðherra og lægra settra stjórnvalda. Meginreglan er sú að þegar ekki er um að ræða hluta af ráðuneyti heldur sérstakt stjórnvald telst það lægra sett gagnvart þeim ráðherra sem hlutaðeigandi stjórnarmálefni heyra undir, nema kveðið sé á um annað með lögum. Þegar í ljós hefur verið leitt að stjórnvald er lægra sett gagnvart ákveðnum ráðherra, leiðir af þessu stjórnarsýslusambandi að viðkomandi ráðherra hefur almennar stjórnunar og eftirlitsheimildir með hlutaðeigandi stjórnvaldi, sé ekki á annan veg mælt í lögum. Lögleg fyrirmæli eða tilmæli ráðherra til lægra setts stjórnvalds eru af þessum sökum bindandi fyrir viðkomandi stjórnvald.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 60/2007 er Vatnajökulsþjóðgarður ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfis- og auðlindaráðherra. Umhverfis- og auðlindaráðherra telst því *æðra stjórnvald* gagnvart stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs í skilningi stjórnarsýsluréttar. Af framangreindu leiðir því að umhverfisráðherra var heimilt að gefa stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fyrirmæli á grundvelli þess stjórnarsýslusambands sem á milli þeirra er og að stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs verður að bregðast við tilmælum ráðherra með formlegum hætti.

III.II Rannsóknarskylda

Til að þjóðgarðsyfirvöldum sé unnt að framfylgja tilmælum ráðherra verða að liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um álitaefnin, sbr. þær kröfur sem leiða má af rannsóknarreglu stjórnarsýsluréttarins. Samkvæmt rannsóknarreglu skulu stjórnvöld sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Það fer eftir eðli máls og atvikum hverju sinni hvaða upplýsinga þarf að afla svo rannsókn máls teljist fullnægjandi. Almennt má segja að mál teljist nægilega upplýst þegar þeirra upplýsinga hefur verið aflað sem eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að taka *efnislega rétta ákvörðun* í því. Í framkvæmd skipta meðal annars máli gæði gagna og annarra upplýsinga, svo sem hvort þau séu nákvæm og hvort þau kunni að þarfnast uppfærslu vegna breyttra aðstæðna eða forsendna. II.III Samráðsskylda

Í tilmælum ráðherra er sérstaklega tekið fram að hafa skuli samráð við helstu hagsmuna- og umsagnaraðila við skoðun á þeim ábendingum sem beint er til þjóðgarðsyfirvalda. Þess má geta að jafnframt er kveðið á um skyldu til samráðs við tiltekna aðila við gerð og breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins, sbr. 4.-5. og 7. mgr. 12. gr. laga nr. 60/2007, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 608/2008.

Þjóðgarðsyfirvöldum er eftirlátið svigrúm til að meta með hvaða hætti er best að standa að tilhögun samráðs. Það þyrfti því að meta við hvaða aðila haft skal samráð vegna tilmæla ráðherra, en markmiðið er að tryggja að aðilar sem hagsmuna hafa að gæta geti haft áhrif á ákvarðanatöku. Gæti því verið rétt að hafa meðal annars samráð við þau ferða- og útivistarsamtök sem sent hafa erindi til þjóðgarðsins.

III.IV Svör við fyrirspurnum Vatnajökulspjóðgarðs

Verður nú vikið að fyrirspurnum stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs:

1. *Hvernig getum við unnið í samræmi við bókunina frá 8. apríl 2019 þannig að rétt sé að málum staðið*

Í tilvísaðri bókun kemur fram að stjórn þjóðgarðsins líti svo á að mikilvægt sé að leita sátta allra aðila í málinu og er formanni svæðisráðs falið, í samráði við framkvæmdaráð þjóðgarðsins, að leggja fram „lausnamiðaða áætlun“ fyrir næsta stjórnarfund.

Til þess að bregðast við bókuninni er af hálfu undirritaðra lagt til að starfshópnum verði falið að rýna og fjalla um fyrirbyggjandi gögn og athugasemdir og taka afstöðu til þess hvort þörf sé á frekari rannsóknnum eða samráði á grundvelli framangreindra ábendinga m.a. um rannsóknarskyldu og samráðskyldu. Í því samhengi hafa fyrirvarsmenn þjóðgarðsins lýst áhyggjum af því að erfitt sé að rannsaka og leggja mat á huglæga þætti sem skipt geta máli við matið, s.s. mat á áhrifum mismunandi útfærslna á upplifun af friðsæld, kyrrð o.s.frv. Bent er á að það þekkist að við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda skv. lögum nr. 106/2000 hafi verið litið til sambærilegra sjónarmiða. Það liggur í hlutarins eðli að slíkt mat verður ávallt að hluta til huglægt og erfitt að festa nákvæmar reiður á, en ef þjóðgarðurinn telur slík sjónarmið skipta máli þá verða sérfræðingar á hans vegum eftir bestu getu að reyna að leggja mat á það. Ef afstaða starfshópsins er hins vegar sú að málið hafi verið rannsakað nægjanlega í samráði við hagsmunaaðila, og að ekki sé þörf á frekari skoðun eða samráði, er ljóst að ljúka verður málinu með formlegum hætti. Hvor leiðin sem farin verður sjá undirritaðir fyrir sér að vinnu starfshópsins ljúki með gerð formlegrar tillögu um þá möguleika sem til greina koma til að bregðast við tilmælum ráðherra og tillögu um aðalvalkosti.

Þegar tillaga starfshópsins er tilbúin er eðlilegt að hún verði fyrst lögð fyrir stjórn Vatnajökulspjóðgarðs sem tæki í kjölfarið ákvörðun um næstu skref, þ.m.t. hvort ástæða sé til að ráðast í breytingar á gildandi stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs á grundvelli vinnu starfshópsins.

Bent er á að hámarks gildistími stjórnunar- og verndunaráætlunar án endurskoðunar er 10 ár en gera má breytingar á henni innan þess tíma ef tilefni er til. Stjórn þjóðgarðsins getur gert tillögu um slíkar breytingar að eigin frumkvæði en skal leita umsagnar svæðisráðs áður en breytingatillaga er send ráðherra til staðfestingar, sbr. 7. mgr. 12. gr. laga nr. 60/2007. Lögum samkvæmt ber stjórn þjóðgarðsins að hafa yfirumsjón með gerð tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn (2. tl. 1. mgr. 6. gr. laganna) og viðkomandi svæðisráð hefur yfirumsjón með gerð tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir viðkomandi svæði (2. tl. 1. mgr. 8. gr. laganna). Samspilinu er nánar lýst svo í frumvarpi til laganna: „Formlega er gert ráð fyrir að stjórn þjóðgarðsins leggi eina heildarverndaráætlun fyrir þjóðgarðinn fyrir ráðherra til staðfestingar en sú verndaráætlun byggist að meginstefnu til á tillögum einstakra svæðisráða.“ Einnig er rétt á benda á að að í 12. gr. laga um Vatnajökulspjóðar nr. 60/2007 kemur fram að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulspjóðgarð skuli unnin í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar hlutaðeigandi fagstofnanir ríkisins.

Hvort sem ákveðið verður að ráðast í breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun eður ei telja undirritaðir aukinheldur rétt að tilmælum ráðherra verði svarað með formlegu erindi þar sem

lýst verður þeirri vinnu og samráði sem átt hefur sér stað í kjölfar tilmæla ráðherra og greint frá mögulegu framhaldi málsins ef því er ekki lokið að mati stjórnar. Þá er rétt að rökstyðja sérstaklega í erindinu hvort og þá hvaða breytingar stendur til að ráðast í á stjórnunar- og verndaráætlun eða hvers vegna slíkar breytingar eru ekki fyrirhugaðar, sbr. nánar eftirfarandi umfjöllun vegna fyrirspurnar 2.

Að framangreindu sögðu er rétt að vekja sérstaka athygli á tilmælum ráðherra um að ráðast skuli í gerð greinargóðra leiðbeininga um það hvar hestaumferð geti farið um Vonarskarðs. Ljóst er að svo skýr og fortakslaus tilmæli eftirláta þjóðgarðsýfirvöldum ekki mat á því hvort ráðast skuli í gerð leiðbeininganna, þó að ákvörðunarvald um efni þeirra sé vissulega á hendi þjóðgarðsins. Ráðlagt er að í erindi til ráðherra um gerð leiðbeininganna verði efni slíkra leiðbeininga rökstutt sérstaklega.

2. Hvaða atriði varðandi málsmeðferð er mikilvægt að uppfylla til að svara tilmælum ráðherra á fullnægjandi hátt.

Í ljósi þess um er að ræða tilmæli ráðherra til stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs gilda málsmeðferðarreglur stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 ekki að forminu til um meðferð málsins, sbr. 1. gr. laganna. Þó verður að hafa hugfast að gildissvið meginreglna stjórnarsýsluréttarins er víðtækara en gildissvið stjórnarsýslulaga, sbr. einnig fyrirmæli 2. mgr. siðareglna stjórnarmanna Vatnajökulsþjóðgarðs, en þar er stjórnarmönnum gert að hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnarsýslu í störfum sínum. Þá skiptir einnig máli við meðferð málsins að skilgreindir hafa verið tilteknir aðilar sem þykja hafa sérstaka hagsmuni umfram aðra af þeim álitamálum sem tilmæli ráðherra lúta að.

Að framangreindu metnu má í stuttu máli gera þær kröfur til meðferðar málsins að stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs leitist við að leysa úr málinu í samræmi við lög og góða stjórnarsýsluhætti. Með hliðsjón af því er að mati undirritaðra rétt að við meðferð málsins og í formlegu erindi til ráðherra vegna málsins verði gætt sérstaklega að eftirfarandi atriðum:

1. Áður en unnt er að taka formlega afstöðu í málinu verður að gæta þess að það hafi verið rannsakað nægjanlega og að nauðsynlegra og rétttra upplýsinga hafi verið aflað, sbr. til hliðsjónar rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga og óskráða rannsóknarreglu stjórnarsýsluréttar. Rétt er að geta þess að þó að í rannsóknarreglunni felist að rannsaka verði mál nægjandi á grundvelli rétttra upplýsinga felst ekki í henni að rannsaka verður mál út í hið óendanlega. Á einhverjum tímapunkti má með málefnalegum hætti segja að öll helstu gögn og sjónarmið liggi fyrir og að ólíklegt sé að frekari rannsóknir/upplýsingaöflun muni breyta niðurstöðu málsins.
2. Gæta verður sérstaklega að því að fullnægjandi samráð hafi verið haft við hagsmunaaðila. Í því felst að mati undirritaðra m.a. að leggja verður mat á það hvernig staðið var að skilgreiningu hagsmunaaðila, hvernig staðið var að samráði við þá og hvort litið hafi verið til athugasemda og ábendinga þeirra.
3. Að lokum telja undirritaðir nauðsynlegt að í erindi til ráðherra verði rökstutt með sundurliðuðum hætti hvers vegna ákveðið var að ráðast eða ráðast ekki í breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun vegna einstakra ábendinga ráðherra, sbr. til hliðsjónar þau sjónarmið sem búa að baki 21. og 22. gr. gr. stjórnarsýslulaga og sjónarmið um réttaröryggi og traust almennings á stjórnarsýslunni. Í því felst fyrst og fremst að gera verður grein fyrir þeim megin sjónarmiðum sem voru ráðandi við mat stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs. Jafnframt telja undirritaðir ráðlagt að gerð verði grein fyrir andstæðum sjónarmiðum og afstaða tekin til meginmálsástæðna sem færðar hafa verið fram af hagsmunaaðilum. Þá er

rétt að gerð verði sérstök grein fyrir þeim málsatvikum sem höfðu verulega þýðingu við úrlausn málsins, þ.m.t. varðandi rannsókn málsins og samráð við hagsmunaaðila, sbr. liðir 1 og 2.

Af hálfu undirritaðra er lagt til að starfshópnum sem komið var á fót vegna málsins þann 8. apríl sl. taki saman rökstuðning um þá valkosti sem til greina koma í málinu til að bregðast við tilmælum ráðherra og tillögu um aðalvalkosti. Í kjölfarið er rétt að tillögur starfshópsins verði teknar til umfjöllunar og ákvarðanatöku á stjórnarfund, sbr. 5. gr. laga nr. 60/2007. Annar möguleiki er sá að leggja starfshópinn niður og vísa málinu beint til meðferðar hjá svæðisráði á grundvelli þeirra sjónarmið sem að framan eru reifuð.

Jafnframt er rétt að brugðist verði við tilmælum ráðherra með vinnslu umbeðinna leiðbeininga um hestaumferð og formlegu erindi þar sem lýst verður þeirri vinnu og samráði sem átt hefur sér stað vegna málsins og mögulega framhaldi slíkrar vinnu. Í slíku erindi er jafnframt rétt að upplýsa ráðuneytið sérstaklega um það hvaða breytingar stendur til að ráðast í á stjórnunar- og verndaráætlun eða hvers vegna slíkar breytingar eru ekki fyrirhugaðar.

VSP/SB